

REGLUR

um breytingu á reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa, nr. 553/1975, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 101 orðist svo:

101. Reglur þessar gilda um ný íslensk fiskiskip, 15 metra að lengd og lengri. Reglurnar gilda þó ekki um skip sem falla undir reglugerð nr. 26/2000. Staflíður h í gr. 1101 gildir einnig um gömul íslensk fiskiskip 15 metra að lengd og lengri. Jafnframt gilda reglurnar um gömul íslensk fiskiskip, 15 metra að lengd og lengri, sem gangast undir þær breytingar eða endurbyggingar sem munu hafa áhrif á stöðugleika þeirra. Breytingar á skipum, sem smíðuð voru fyrir 5. desember 1975, eru óheimilar nema stöðugleiki þeirra eftir breytingu aukist frá því sem hann var fyrir breytingu. Stöðugleiki þarf þó ekki að vera meiri en skv. 5. gr. regnanna. Ef breytingin telst meiriháttar, svo sem ef gerð er breyting á bol skips, sem áhrif hefur á hydróstátískar boglínur eða jafnhalla-boglinur, er breytingin óheimil nema stöðugleiki eftir breytinguna uppfylli stöðugleikamörk skv. 5. gr. regnanna.

2. gr.

Á eftir gr. 506 kemur ný grein, sem verður gr. 507 og orðast svo:

507. Við hleðslutilvik 1101 h), eins og það er skilgreint í 11. gr., skulu fiskiskip sem búin eru asdik-búnaði (hljóðsjárbúnaði), í stað þess að uppfylla stöðugleikakröfur í 501, uppfylla eftirtaldar stöðugleikakröfur:
- Flöturinn undir réttiarmsboglinunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0,040 meterráðfanar að 30° hallahorni.
 - Byrjunarmetasenterhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m. Leiðréttta skal byrjunarmetasenterhæðina og réttiarmsboglinuna fyrir áhrifum óhefts yfirborðs í rýminu fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) miðað við hámarkstregðuvægi yfirborðs vökvans. Rúmmál rýmisins skal reikna að vatnspéttum þiljum, innri flöt byrðings og neðri flöt þilfars og/eða efri brún lúgukarms, eftir því sem við á.

3. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. 1101, bætist nýr staflíður h, sem orðast svo:

- h) fyrir skip búin asdik-búnaði (hljóðsjárbúnaði), skip með olú- og vatnsgeyma fulla, með áhöfn og allar birgðir, vistir, salt, ís, veiðarfæri o.s.frv., fulla hleðslu afla og rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) fullt af sjó.

4. gr.

Við 15. gr. bætast nýir liðir, sem verða liðir 1530 og 1531, svohljóðandi:

Rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað).

1530. Op að rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) skulu búin fasttengdum hlerum, sem unnt er að loka vatnspétt, af sambærilegum styrkleika og aðliggjandi skipshluti. Slíkir hlerar skulu ávallt vera lokaðir og skálkaðir þegar skipið er á hafi úti. Við þannig op skal komið fyrir hentugum viðvörunarbúnaði, sem gefur viðvörun á heyrilegan og sýnilegan hátt í stýrishúsi þegar hleri er opinn.

1531. Neðst í rými fyrir asdik-búnað (hljóðsjárbúnað) skal setja vökvaborðsviðvörunarbúnað, sem skynjar samsöfnun vökva við venjulegan hliðar- og stafnhalla. Skynjunarkerfið skal gefa viðvörun á heyrilegan og sýnilegan hátt í stýrishúsi.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskiskip skulu uppfylla kröfur þessarar reglugerðar eigi síðar en við fyrstu aðalskoðun eftir 1. apríl 2003.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. mars 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.